


## 92 Vonarskarð

Megineldstöðin, sem kennd er við Vonarskarð, er austan í Tungnafellsjökli. Í henni er greinileg askja 8–10 km í þvermál og skerst hún inn í austurhlíðar Tungnafellsjökuls. Jarðhitinn er aðallega vestan- og sunnan til í öskjunni. Þar eru gufu- og leirhverir í þyrpingum á allmörgum stöðum svo og merki um kulnaða ummyndun. Fjallið Eggja er um miðbik þessa svæðis. Tveir staðir eru í giljum norðan til í öskjunni við öskjujaðarinn sem þar ber nafnið Gjóstá. Merkilegt jarðhitafyrirbæri er um miðbik öskjunnar. Þar er kulnuð háhitaummyndun á yfirborði á um 4 km<sup>2</sup> bletti. Þessi háhitaummyndun er mynduð við 300°C hita. Þetta er einungis hægt að skýra þannig að 300°C hiti hafi ríkt á yfirborði á þessum stað í vatni og undir 1 km þykku jökulfargi. Virka jarðhitasvæðið í Vonarskarði er um margt óvenjulegt en þó helst að því leyti að grunnvatnsborð er einkar hátt miðað við hálendissvæði inni á miðju Íslandi, og renna volgar lindir og lækir frá svæðinu á mörgum stöðum. Lífríki verður af þeim sökum fjölskrúðugt og litríkt. Óvenjuhá grunnvatnsstaða tengist að öllum líkindum þéttu háhitaummynduðu bergi rétt undir yfirborði á virka svæðinu, svipað því sem sést í miðju öskjunnar.





Afl 145 MWe, orkugeta 1.160 GWh/ár

FH III/FH IV: Gæði gagna C. FH III: Áhrif 15. FH IV: Kostnaðarflokkur 3.

Umsögn faghóps I

FH I: B/C. Vonarskarð Verðmæti/Meðaltal 10,1/8,0. Áhrifaeinkunn/Meðaltal 10,4/5,4.



Vonarskarð

### Umsögn faghóps II

FH II: B/B.

<i>Ferðasvæði</i>	<i>Verðmætamat svæðis vegna ferðaþjónustu og útvistar án virkjunarframkvæmda</i>	<i>Röð</i>
Vonarskarð	7,25	42

<i>Staðar- númer</i>	<i>Virkjunarhugmynd</i>	<i>Verðmæti svæðis fyrir virkjunarframkvæmdir</i>		<i>Heildareinkunn áhrifa á beit, veiðar, ferðaþjónustu og útivist</i>	<i>Röð</i>
		til beitar	vegna veiða		
92	Vonarskarð			7,99	8

Röðun FH I/FH II: 53.

Könnun verkefnisstjórnar: NO, B0, V12

Rök fyrir röðun í nýtingarflokk:

Rök fyrir röðun í biðflokk:

Rök fyrir röðun í verndarflokk:

*Flokkun í þingsályktunartillögu: Í Friðlandi að fjallabaki og utan laga um verndar- og orkunýtingaráætlun.*